

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, nr. 945/2016.

#### 1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 einstaklingum:

- Einstaklingi með haldgóða þekkingu á opinberri stjórnsýslu og reynslu af henni, völdum af stjórn sjóðsins. Viðkomandi er formaður stjórnar sjóðsins.
- Lækni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem sinnir Dalabyggð.
- Sóknarpresti í Dalaprestakalli.
- Fulltrúa sveitarstjórnar Dalabyggðar, sem valinn er eftir hverjar sveitastjórnarkosningar.
- Einstaklingi með haldgóða reynslu af fjármálum og þekkingu á þeim, völdum af stjórn sjóðsins.

Stjórnin getur ákvarðað stjórnarmönnum laun. Formaður boðar til stjórnarfunda.

Breytingin varðandi núverandi einstaklinga í stjórninni kemur til framkvæmda eftir því sem þeir ganga úr henni.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Hún skal sjá til þess að skipulag hans, starfsemi og innra eftirlit sé jafnan í góðu horfi. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna gildir á stjórnarfundum. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnin getur veitt prókúruumboð fyrir sjóðinn. Umboð sem geta falið í sér fjárhagslegar skuldbindingar skulu vera sérgreind og afmörkuð.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 23. janúar 2025,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*